



Hlévangur – þjónustumiðstöð fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra í Reykjanesbæ



Hlévangur – þjónustumiðstöð fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

Reykjanesbær, 16. október 2024

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs

Vilborg Pétursdóttir teymisstjóri barna og fjölskylduteymis

Inngangur

Velferðarsvið Reykjanesbæjar óskaði eftir heimild til að nýta húsnæðið Hlévang, Faxabraut 13, 230 Reykjanesbæ fyrir starfsemi skammtíavistunar og frístundþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni þegar hjúkrunarrýmin á Hlévangi færast yfir á nýtt hjúkrunarheimili að Nesvöllum haustið 2025.

Tillagan og óskin er lögð fram með það að markmiði að Reykjanesbær geti betur sinnt lögbundni þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra og stýtt þá biðlista sem eru eftir þjónustu. Með því að færa undir sama þak, í hentugu húsnæði, þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra, þá yrði hægt að veita snemmtækari þjónustu og heildstæðari eins og lagt er upp með í lögum um farsæld barna, þ.e. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Á fundi velferðarráðs Reykjanesbæjar þann 11.apríl 2024 samþykkti Velferðarráð Reykjanesbæjar „... að setja af stað starfshóp sem á að greina og skoða möguleikana sem felast í að breyta Hlévangi í fjölnota þjónustuúrræði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra auk þess að kostnaðargreina þær breytingar sem gera þyrfti á húsnæðinu. Áætlað er að heimilisfólk á Hlévangi flytjist yfir á nýtt hjúkrunarheimili á Nesvöllum haustið 2025. Reykjanesbær er ört stækkandi sveitarfélag og telur ráðið þetta mjög brýnt verkefni, því áhersla er lögð á að færa þar undir sama þak lögbundna frístundþjónustu og tímabundna sólarhringsþjónustu fyrir fötluð börn með miklar umönnunarþarfar.“

Þann 16.september sl. heimsótti undirrituð ásamt Vilborgu Pétursdóttur teymisstjóra barna-og fjölskylduteymis, Freydísi Aðalsteinsdóttur félagsráðgjafa, Ólafi Garðari Rósinkarssyni teymisstjóra í málefnum fatlaðra, Margréti Lilju Margeirsdóttur verkefnastjóra skipulagsmála og Erlingi Ragnari Erlingssyni umsjónarmanni fasteigna, Hlévang og fengu kynningu á húsnæðinu hjá Þuríði Elíasdóttur forstöðumanni Hrafnistuheimilanna í Reykjanesbæ, en Hrafnista rekur hjúkrunarheimilið að Hlévangi.

Barna-og fjölskylduteymi velferðarsviðs Reykjanesbæjar

Barna-og fjölskylduteymi velferðarsviðs er að vinna í málefnum tæplega 420 fjölskyldna í Reykjanesbæ og af þeim eru um 90 fjölskyldur sem fá einhvers konar stuðningsþjónustu vegna fötlunar barna sinna, mismikla eftir þörfum og aðstæðum. Foreldrar fá ráðgjöf og áhersla er lögð á að samþætta þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra eins og kostur er. Ráðgjöf og samþætting þjónustu dugar skammt ef ekki eru til staðar viðeigandi og næg þjónustuúrræði til að mæta þörfum þessa hóps.

Sumarúrræðið Ævintýrasmiðjan

Um 50 börn nutu þjónustu í Ævintýrasmiðjunni í sumar(2024) og eru það allt börn sem þurfa mikla aðstoð, eru á grunn og framhaldsskólaaldri og geta ekki verið án stuðnings/ein heima . Þetta eru börnin sem þurfa fjölþætta stuðning fyrir utan skóla, þ.e. frístundþjónustuna í Skjólínu og

sólarhringsþjónustu í skammtíavistun, auk annars stuðnings til félagslegrar þátttöku til jafns við aðra.

Skjólíð frístundaúrræði fatlaðra barna

Við erum með 18 börn í frístundaúrræðinu Skjólínu sem er staðsett í 88 húsinu. Skjólíð býður upp á frístundastarf fyrir börn og ungmenni með fötlun, frá 5 bekk og út framhaldsskólaaldurinn. Hópurinn í Skjólínu stækkar hratt en við eigum von á 9 börnum næsta haust, börnin verða þá orðin 27 í þjónustu. Allt börn í sértækum námsúrræðum og á starfsbraut í FS, börn með miklar stuðningsþarfir. Húsrými 88 hússins gerir okkur erfitt fyrir að tryggja öryggi barnanna, það er stórt með mörgum söllum, það er mikill umgangur um húsið og börnin „týnast“ inn í fjöldann og það eru ýmis vandamál í samskiptum við önnur ungmenni sem sækja 88 húsið. Skjólínu vantar að komast í hentugra húsnæði, þar sem hægt er að skipuleggja innra starfið m.t.t. þarfa hópsins, auk þess að tryggja öryggi barnanna.

Skammtíavistun fatlaðra barna.

Það eru 25 börn frá Reykjanesbæ sem fá þjónustu í skammtíavistun í Heiðarholti, af 40 börnum sem eru þar í heildina. Þessi 25 börn eru öll að fá 2 sólahringja í mánuði. Öll börnin byrja í vistun virka daga og mörg börn bíða eftir að fá fleiri sólahringja í þjónustu og vistun um helgar. Húsrýmið í Heiðarholti býður upp á að 8 börn séu þar samtímis.

Um 20 börn eru metin með stuðningsþarfir sem gefa til kynna þörf á 5-6 sólahringja skammtíavistun á mánuði, auk þess erum við með 4-5 börn á hverjum tíma sem eru metin með það miklar stuðningsþarfir að hálf búseta í skammtíavistun væri besti kosturinn, þ.e. skammtíavistun 14 sólahringar í mánuði. Skammtíavistunin í Heiðarholti getur ekki mætt þeim þörfum.

Það eru 6 börn á bið eftir skammtíavistun og biðtíminn hefur í sumum tilvikum verið yfir 2 ár. Reykjanesbær þarf að reka sína eigin skammtíavistun til að geta svarað þeim þörfum sem eru til staðar hvað þessa þjónustu varðar. Staðan er orðin óásættanleg. Foreldrar eru margir orðnir örmagna.

Skortur á viðeigandi húsnæði fyrir þjónustu við fötluð börn.

Eins og áður hefur verið bent á er orðið brýnt að koma upp húsnæði fyrir þjónustu við fötluð börn. Frístundaúrræðið Skjólíð er gestur í 88 húsinu sem er að mörgu leiti óhentugt fyrir starfsemina, Ævintýrsmiðjunnar eru á hrakhólum á hverju vori varðandi aðstöðu fyrir sumarstarfið og skammtíavistunin Heiðarholti getur ekki mætt að fullu þörfum fatlaðra barna í Reykjanesbæ fyrir skammtíavistun. Velferðarsvið er að byggja upp hópastarf í félagslegri liðveislu án þess að hafa fyrir þá starfsemi öruggt og hentugt húsnæðisaðstöðu sem takmarkar möguleika fyrir þá starfsemi.

Skortur á hentugt húsnæði til að veita fötluðum börn, foreldrum þeirra og fjölskyldum lögbundna þjónustu stendur uppbyggingu þjónustunnar fyrir þrífum og takmarkar mjög hvaða þjónustu er hægt að veita á hverjum tíma. Velferðarsvið horfir því til húsnæðis Hlévangs, því það er orðið brýnt að geta betur mætt þörfum fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra og á Hlévangi er hægt að sameina þá lögbundnu starfsemi sem á að vera til staðar fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra á einn og sama staðinn.

Skv. reglugerð um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum 1037/2018 skal húsnæði skammtímadvalar uppfylla kröfur um algilda hönnun og gildandi lagaákvæði um mannvirki hverju sinni. Sama gildir um aðgengi utandyra á lóðinni. Aðkoma að húsinu skal vera þannig búið að það komi til móts við fjölbreyttar þarfir þeirra sem þar dveljast. Húsnæðið skal einnig hæfa aldri þeirra sem þar dvelja.

Í leiðbeiningum til sveitarfélaga um framkvæmd frístundarþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni kemur fram að aðgengi að húsinu skal vera gott. Öryggi barnanna skal vera tryggt. Það fer því vel saman að hafa Skjólíð og skammtí mavistun saman í húsnæði en starfsemi Skjólísins og skammtí mavistunar geta þá notað sömu aðstöðu sem er örugg og hentug fyrir fötluð börn.

Skoðun á Hlévangi.

Tillagan um að koma upp þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra festist betur í sessi eftir skoðunarferðina á Hlévang. Húsnæðið er stórt og rúmgott, á tveimur hæðum, með lyftu og því auðvelt að sjá fyrir sér að hægt verði að koma allri þjónustu við fötluð börn undir því þaki.

Á Hlévangi eru til staðar fjöldi svefnherbergja fyrir skammtí mavistun, eldhús, matsalur, setustofur, sjónvarpsrými, skrifstofur og fleiri rými bjóða uppá mikinn fjölbreytileika fyrir starfsemina, s.s. skynörvunarherbergi, boltaland, leikaðstaða sem henta fötluðum börnum, allt á einum stað.

Ljóst er að það þarf að fara fram úttekt á viðhaldspörf hússins auk hugsanlegra breytinga vegna nýrrar starfsemi og verður óskað eftir því að stjórn Eignasjóðs að framkvæma þá úttekt. Við höfum ekki kostnaðaráætlun vegna þessara útgjalda á þessu stigi.

Þjónustan sem yrði sameinuð á einn stað er:

- Skjólíð, frístundaúrræði fatlaðra barna, nú opið frá kl.12-16 alla virka daga
- Skammtí mavistun fyrir börn í Reykjanesbæ yrði rekin alla virka daga og um helgar og kæmi í stað skammtí mavistunar í Heiðarholti
- Aðstaða fyrir tómsundur og menningu, einstaklingsbundið félagsstarf og hópastarf fatlaðra barna

- Aðstaða fyrir börn sem þurfa einstaklingsbundna þjónustu vegna fötlunar sinnar með sínum starfsmanni fyrir félagslega örvun
- Ævintýrasmíðjunnar hefðu húsnæði fyrir sína starfsemi á sumrin
- Hægt yrði að koma upp aðstöðu fyrir fagfólk sem vinnur með börnum s.s. Bergið headspace
- Hægt yrði að koma upp aðstöðu fyrir fagfólk sem veitir foreldrum og starfsfólki sérhæfða ráðgjöf s.s. sérfræðingar frá Ráðgjafar og greiningarstöð og fleiri fagaðilum eftir þörfum
- Aðstaða til að halda foreldrafærnisáskilum í hópum

Húsnæði Hlévangs, eða sambærilegt húsnæði, þar sem hægt er að skipta notendahópnum upp, koma undir sama þak mismunandi úrræðum fyrir fötluð börn og sinna öllum þeim börnum sem þurfa þjónustu, hvenær sem er sólarhrings, er það sem fötluð börn og fjölskyldur þeirra í Reykjanesbæ þurfa á að halda.

Lögbundin þjónusta skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er m.a. að finna í eftirfarandi lagagreinum:

- 16.gr. l.nr. 38/2018 er um frístundaþjónustu
- 17.gr.l.nr.38/2018 er um skammtímadvöl(skammtí mavistun)
- 18.gr.l.nr. 38/2018 er um sumardvöl
- 19. gr. Málstjóri, stuðningsteymi og stuðningsáætlun.
- 20. gr. Ráðgjöf vegna barna með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir - sérfræðingateymi

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar hefur gefið út fyrstu opinberu gæðaviðmiðin fyrir félagslega þjónustu við fatlað fólk á Íslandi ásamt gæðavísunum. Með birtingu gæðaviðmiða eru sett fram opinber viðmið um hverju þjónustan skuli skila. Gæðaviðmiðin eru árangurs- og útkomumiðuð en með þeim er leitast við að varpa ljósi á hvernig þjónustan mætir þörfum notandans og bætir lífsgæði hans, í stað þess að meta verkferla og aðföng.

Eins og sést af framangreindu eru úrbætur í málefnum fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra orðnar brýnar og mikilvægt að fundin verið lausn til að bæta þjónustuna, stytta biðtíma og koma upp umgjörð um þjónustuna sem henni hæfir.

Biðlistar

Það eru 7 börn á bið eftir skammtí mavistun og 20 börn á bið eftir fleiri sólarhringum í skammtí mavistun.

Það eru 36 börn á bið eftir hópastarfi eða einstaklingsstarfi til að rjúfa félagslega einangrun. Velferðarsvið vill reyna að mæta þörfum flestra barna með hópastarfi en til þess þurfum við húsnæði. Það eru 30 börn á bið eftir stuðningsfjölskyldum. Við fáum ekki fjölskyldur til þess að gerast stuðningsforeldrar svo mikilvægt er að mæta þeirra þörfum fleiri barna með skammtí mavistun.

Væntingar okkar til nýrrar þjónustumiðstöðvar er að geta mætt þjónustuþörfum fatlaðra barna í Reykjanesbæ og eytt biðlistum.

Mönnunarmódel

Mönnunarmódelið er sett þannig upp að yfir þjónustumiðstöðinni yrði forstöðumaður ábyrgur fyrir heildarstarfseminni í húsinu og með honum yrðu tveir deildarstjórar, annar starfandi sem deildarstjóri Skjólins og Ævintýrasmiðjunnar og hinn deildarstjóri skammtí mavistunarinnar.

Í Skjólinu reiknum við með 30 börn í þjónustu frá og með næsta hausti, 13 starfsmenn í 6,24 stöðugildum. Starfsfólk hópastarfs verður að mestu leyti sama starfsfólk og í starfsmenn Skjólins, yrðu ráðnir í hærra starfshlutfall vegna lengdrar viðveru og fengju greitt álag eftir kl. 17, auk þess sem eitthvað yrði um ráðningu tímavinnustarfsmanna. Gert er ráð fyrir að þörf verði á því að vera með 4 starfandi hópa hverju sinni og um 12 starfsmenn. Það er nú þegar gert ráð fyrir þessu starfsfólki í fjárhagsáætlun.

Í skammtí mavistun yrði um 31 barn og 18 starfsmenn í 11 stöðugildum. Við gerum ráð fyrir að starfsmannahald muni kosta um 129.217.000 með deildarstjóra og forstöðumanni sem er ívið meira en Reykjanesbær greiðir með starfsemi Heiðarholts. Með þessari aukningu yrði þörfum flestra barna mætt betur og fyrr en nú er og núverandi biðlisti yrði tæmdur. Viðbótarkostnaður frá því sem nú er m.v. fjárhagsáætlun 2025 yrði um 27.900.000 á árgundvelli, auk stofnkostnaðar kr: 5.390.000. 20 börn sem nú eru í skammtí mavistun fengju aukna þjónustu í samræmi við þarfir þeirra og þau 7 börn sem eru á bið eftir þjónustu yrðu ekki lengur á biðlista.

Áætluð aukin fjárútlát

Laun vegna skammtíamavistunar að frádregnum núverandi fjármagni	23.400.000
Skrifstofugjald	400.000
Matarkostnaður	3.200.000
Auglýsingar	150.000
Tryggingar	180.000
Lyf, hjúkrunarvörur	60.000
Leikföng, föndurvörur	200.000
Bifreiðastyrkir	200.000
Pappír, ritföng	50.000
Afnotagjöld síma	60.000

Aukin útgjöld á ársgrundvelli

27.900.000

Stofnkostnaður

10 rúm	1.200.000
Sjúkrarúm	800.000
Sjónvörp	350.000
Sófar	600.000
Borðbúnaður	100.000
Ísskápur	150.000
Uppþvottavél	120.000
Þvottavél	120.000
Þurrkari	120.000
Sængur	120.000
Koddar	60.000
Sængurver	120.000
Skrifborð	120.000
Stóll	60.000
Tölva	250.000
Leiktæki	100.000
Eldhúsborð og stólar	1.000.000

Samtals

5.390.000



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS